

Svar

**innviðaráðherra við fyrirspurn frá Ingu Björk Margrétar Bjarnadóttur
um sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra.**

1. *Hefur ráðuneytið skoðað að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Ráðuneytið hefur ekki skoðað það sérstaklega þar sem þeir lagabálkar sem í hlut eiga heyra undir dómsmálaráðuneytið.

2. *Hver er afstaða ráðherra til þess að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Ráðherra er hlynntur breytingum sem þessum og telur þær framfaraspor í réttindum samkynhneigðra og rökrétt framhald af þegar áunnum réttindum. Rétt er þó að breytingar sem þessar séu skoðaðar vandlega og þær unnar faglega í samvinnu við hagsmunaaðila.

3. *Telur ráðherra að eitthvað standi í vegi fyrir að heimila sjálfkrafa skráningu samkynja foreldra sem eru í hjúskap eða í skráðri sambúð?*

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega að skráningar fari fram með þessum hætti sé kveðið á um það í lögum og reglugerðum.